

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 8. október 2015

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (eignarhald, lýðræði í lífeyrissjóðum), 7. mál.

Samtök atvinnulífsins leggjast eindregið gegn því að frumvarpið nái fram að ganga en með því er vegið að rótum farsællar uppbyggingar lífeyrisréttinda á almennum vinnumarkaði án þess að huga að afleiðingunum. Ætlunin er að framvegis muni þeir sem réttindi eiga í lífeyrissjóðum kjósa stjórnir þeirra og marka þeim stefnu. Þannig eru rofin tengsl sem lífeyrisréttindi eiga við kjarasamninga á almennum markaði. Hlutverk samningsaðila verður ekkert og greiðslur í lífeyrissjóði verða ekki samningsatriði í kjarasamningum. Iðgjöld munu fá einkenni hefðbundins skatts og á endanum mun ríkissjóður sitja uppi með ábyrgð á öllu lífeyriskerfinu.

Almennt

Samningsaðilar á almennum vinnumarkaði, Samtök atvinnulífsins (áður Vinnuveitendasamband Íslands) og Alþýðusamband Íslands og aðildarsamtök þess, hafa verið í fararbroddi í uppbyggingu lífeyrissjóða um áratuga skeið. Almennu lífeyrissjóðirnir eru í senn öflugir, vel reknir og dæmi um svið þar sem Íslendingum hefur tekist sérlega vel til í samanburði við aðrar þjóðir.

Á seinni hluta sjöunda áratugar síðustu aldar hófst eiginleg uppbygging almennra lífeyrissjóða með kjarasamningum. Sjóðirnir og iðgjaldgreiðslurnar voru þróaðir áfram í kjarasamningum og voru meginatriði kjarasamninga Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins lögfest árið 1997 og kerfið einnig látið ná til þeirra sem standa utan stéttarféлага.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa um langa hrið talið það mikilvægt samfélagslegt verkefni að tryggja starfsfólki fyrirtækja eftirlaun. Markmiðið er að tryggja launafólki ellilífeyri í tilteknu hlutfalli af launum á starfsævinni ásamt og áfallatryggingar, s.s. örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Aðilar almenna vinnumarkaðarins hafa unnið saman að verkefningu af fullri ábyrgð og hugsað til langs tíma. Lífeyrissjóðakerfið, byggt á sjóðssöfnun, og hefur smám saman styrktst. Sjóðirnir stækka og hlutur lífeyrissjóða í lífeyrisgreiðslum vex. Allir aldurshópar ellilífeyrisþega fá nú að meðaltali hærri greiðslur úr lífeyrissjóðum en frá almannatryggingum. Almennt séð er íslenska lífeyrissjóðakerfið talið eitt það besta í alþjóðlegum samanburði.

Lífeyrissjóðakerfið er að sjálfsögðu ekki fullkomið frekar en önnur mannanna verk og er í sífelldri þróun. Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa markað þá stefnu að hækka iðgjöld í lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5%. Hlutur vinnuveitenda af iðgjöldunum hefur hækkað jafnt og þétt. Markmiðið er að allt vinnandi fólk búi við sambærileg lífeyrisréttindi úr lífeyrissjóðum. Unnið hefur verið að því með aðilum

opinbera vinnumarkaðarins að skapa forsendur fyrir því að hægt sé að hrinda þessari stefnu í framkvæmd.

Hlutverk samningsaðila

Samtök atvinnulífsins hafa litið á það sem hlutverk sitt að taka virkan þátt í þessu samfélagslega verkefni vinnumarkaðarins. Samtökin hafa viljað bera ábyrgð á framþróun lífeyrissjóðakerfisins þannig að það tryggi starfsfólki á almennum vinnumarkaði lífeyri sem endurspeglar almennan vilja og þarfir samfélagsins.

Þess vegna sitja fulltrúar Samtaka atvinnulífsins í stjórnnum lífeyrissjóða til jafns við fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar. Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins í stjórnnum lífeyrissjóða hafa það eina markmið að hlúa að sjóðunum sjálfum þannig að þeir uppfylli hlutverk sitt sem best gagnvart þeim sem njóta lífeyrisréttindanna. Það er atvinnulífinu mikið hagsmunamál að lífeyrisiðgjöld ávaxtist vel því ef svo fer ekki mun það endurspeglast í auknum álögum á fyrirtækin í formi hærri iðgjalda eða skatta í framtíðinni.

Ef komið er í veg fyrir aðkomu Samtaka atvinnulífsins að stjórnnum lífeyrissjóða með lagasetningu eða á annan hátt hlýtur hlutverki vinnumarkaðarins og kjarasamninga að vera lokið í rekstri og uppbyggingu lífeyrisjóðanna. Þá munu íslensk fyrirtæki líta á framlög í lífeyrissjóði sem hvern annan skatt en ekki umsamdar greiðslur til mikilvægra sameiginlegra verkefna með starfsfólki sínu og samtökum þess.

Ríkisreknir lífeyrissjóðir

Sú breyting felur í sér að ríkið hafi forystu og beri ábyrgð á þróun og rekstri lífeyrissjóðakerfisins. Þá verða aðilar vinnumarkaðarins ekki lengur bakhjarlar lífeyrissjóðanna, ekki verður samið um iðgjöld í kjarasamningum og ríkið hlýtur að enda sem ábyrgðaraðili allra lífeyrisréttinda.

Sjóðirnir verða sjálfsagt meðfærilegri fyrir stjórnvöld. Aðilar vinnumarkaðarins hafa í gegnum tíðina þurft að standa gegn viðleitni og tillögum stjórnámálanna um breytingar sem hefðu bakað lífeyrissjóðunum kostnað og tjón og með því skert greiðslur til lífeyrisþeganna.

Mikið vantar upp á að ríkið hafi sýnt fulla ábyrgð við uppbyggingu lífeyriskerfis sinna starfsmanna. Það kerfi er rekið með verulegum tryggingafræðilegum halla og skuldbindingum velt yfir á framtíðina. Það ætti að vera forgangsverkefni Alþingis og ríkisstjórnar að leysa úr þeim hnút en eins og fram hefur komið er það einn þeirra þátta sem valda vandkvæðum við að þróa ný og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga hér á landi, m.ö.o. nýtt vinnumarkaðslíkan.

Góð reynsla af núverandi kerfi

Samtök atvinnulífsins telja að aðild þeirra að stjórnnum lífeyrissjóða hafi verið mjög til góðs fyrir uppbyggingu lífeyriskerfisins og skipt sköpum við að efla sjóðina til að gegna hlutverki sínu. Samtökin leggja ofurkapp á að fulltrúar þeirra í stjórnnum sjóðanna gæti almennra hagsmuna sjóðanna sjálfra og vinni af fullum heilindum fyrir þá sem njóta lífeyrisréttinda og allt samfélagið.

Hagsmunir réttindaþega eru að mörgu leyti mismunandi, enda skiptist hópurinn í nokkrar kynslóðir með ólíka sýn og ólíka stöðu. Þá er starfsgeta sjóðfélaga mismunandi sem og réttindaávinningur. Dæmi er um það hér á landi að í lífeyrissjóði þar sem sjóðfélagar kjósa

stjórn hafi um langa hríð verið átök milli kynslóða um réttindaávinnslu og útgreiðslu lífeyris. Á hverjum tíma má búast við að þeir sem nálgast lífeyrisaldur og eru komnir á lífeyri telji mikilvægt að sækjast eftir sæti í stjórnnum sjóðanna. Þannig skapast grunnur átaka milli kynslóða sem geta orðið mjög hatrömm. Þá er einboðið að litlir, harðsnúnir hópar með vel skipulagðar kosningavélar geti tekið yfir stjórnir lífeyrissjóða þar sem tugþúsundir launamanna eiga réttindi og snúið stefnu þeirra í þágu sérhagsmuna sinna.

Það fyrirkomulag sem tíðkast á Íslandi við val stjórnarmanna er sambærilegt við það sem almennt gerist í lífeyrissjóðum í Evrópu. Einungis í undantekningartilvikum eru stjórnir starfsgreinasjóða valdir í almennri kosningu sjóðfélaga og þá aðeins hluti þeirra.

Um almenna lífeyriskerfið hefur ríkt góð sátt hér á landi. Bæði stjórnámálmenn og forystumenn á vinnumarkaði eru stoltir af uppbyggingu þess og víða erlendis er horft til þess sem góðrar fyrirmyndar. Það vekur furðu, ef sú er raunin, að löggjafinn vilji nú ráðast gegn rótum íslenska lífeyriskerfisins.

Öll rök mæla gegn því að frumvarpið sem til umfjöllunar er hér hljóti samþykki.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri.